

74

15. maí

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskrár við alþingiskosningar í Reykjavík
24. júní n. k. og styttingu fresta.

Samkvæmt heimild í 19., sbr. 23. gr., laga um kosningar til Alþingis nr. 80. 7. sept. 1942, er hér með mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá er getur í 2. málsgr. 19. gr. laganna skulu falla niður við alþingiskosningar er fram eiga að fara í Reykjavík 24. júní n. k. Enn fremur styttist frestur sá, er um getur í 1. mgr. 19. gr. laganna, þannig, að kjörskrá skulu lögð fram 5 vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Loks styttist tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, þannig, að hann verður 17 dagar, sbr. 3. málsgr. 19. gr. laganna.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 15. maí 1956.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

75

17. maí

REGLUGERÐ

um skerðingu barnalífeyris vegna tekna, samkvæmt 17. gr. laga nr. 24/1956,
um almannatryggingar.

1. gr.

Nú fara bætur og aðrar tekjur hjóna, sem bæði eiga rétt til elli- eða örorkulífeyris, fram úr fjárhæð, sem nemur þreföldum hjónalífeyri á 1. verðlagssvæði, og skal þá skerða barnalífeyrisgreiðslur til þeirra sem hér segir:

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjur nema. Séu börnin tvö, nemur lækkunin þremur fjórðu hlutum, en séu þau þrjú eða fleiri, nemur lækkunin jafnmiklu og umframtekjurnar.

2. gr.

Aðrar barnalífeyrisgreiðslur, sbr. þó 4. gr., skal takmarka, ef bætur og aðrar tekjur framfærenda fara fram úr fjárhæð, sem nemur þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum tvöföldum barnalífeyri á 1. verðlagssvæði, ef um þrjú börn eða færri er að ræða, en þreföldum einstaklingslífeyri að viðbættum einföldum barnalífeyri, ef börnin eru fleiri.

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrir um helming þess, sem umframtekjur nema. Séu börnin tvö, nemur lækkunin tveimur þriðju hlutum, en séu þau þrjú, nemur hún þremur fjórðu hlutum umframtekna, en lífeyrir skal þó eigi lægri vera en svarar fjölskyldubótum með einu barni. Séu börnin fleiri en þrjú, skerðist barnalífeyrir um sömu upphæð og umframtekjum nemur, en skal þó aldrei lægri vera en sem svarar barnalífeyri með þremur börnum, skertum samkv. næsta málslið á undan, að viðbættum fjölskyldubótum með þeim börnum, sem fleiri eru.